

# Tryggjum lýðræðislega þátttöku




## Gátlisti við skipulagningu viðburða

### Hvernig tryggjum við lýðræðislega þátttöku?

Við búum í lýðræðisríki og það skiptir máli að tryggja að lýðræðið sé virkt og lifandi. En hvernig gerum við það þegar kemur að skipulagningu viðburða? Einfalda svarið við þessari flóknu spurningu er að tryggja góðan undirbúning sem tekur mið af því að sá hópur sem sækir viðburði getur verið fjölbreyttur.

Í 65. gr. Stjórnarskrár Íslands segir að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Til viðbótar við þessi grunngildi lýðræðisins hafa verið sett lög um jafnrétti og jafna meðferð\* á Íslandi. Þessi lög banna mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar og þjóðernisuppruna auk þess að tryggja jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Bann við mismunun eins og hún birtist í lögnum er mikilvægur þáttur í því að tryggja lýðræði en þar segir að mismunun, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil.

Við skipulagningu viðburða getur átt sér stað óbein mismunun þrátt fyrir að það sé ekki ætlunin. Óbein mismunun verður þegar skilyrði sem líta í fyrstu út fyrir að vera hlutlaus, koma verr við suma einstaklinga en aðra. Dæmi um slíkt er þegar viðburður fer fram á hæð þar sem ekki er aðgengi með lyftu. Það er ekki ætlun skipuleggjenda að útiloka fólk, sem ekki getur gengið tröppur, frá viðburðinum en það gerist óhjákvæmilega. Aðstæður eru ekki alltaf jafn áþreifanlegar og augljósar eins og í þessu dæmi en það sýnir vel hvernig mismunun getur litið út. Samfélagsgerð okkar setur skorður sem oft eru ómeðvitaðar og til þess að við njótum öll jafnra tækifæra þarf markvisst að draga úr aðstæðum sem leiða til mismununar.




Með þessum gátlista vill Jafnréttisstofa bæta í verkfærakistu þeirra sem skipuleggja viðburði. Markmiðið er að benda á leiðir til að styrkja lýðræðislega umræðu, fagna fjölbreytileikanum og fá sem flestar raddir til að heyrast. Það er engin ein rétt leið til að skipuleggja viðburð sem hefur lýðræði og réttlæti að leiðarljósi. Þetta er því einskonar hlaðborð. Nú er bara að prófa sig áfram!

---

**Allir viðburðir skapa tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku. Góður undirbúningur tekur mið af fjölbreytileika samfélagsins og ólíkum þörfum fólks. Verum hugrökk, prófum okkur áfram og njótum þess að styrkja lýðræðislega þátttöku.**

---

\*Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.



## Áður en viðburðir hefjast

Góður undirbúningur er lykilatriði ef tryggja á lýðræðislega þátttöku og að allir þátttakendur eigi kost á að taka þátt í umræðunni á jafnræðisgrunni. Góður undirbúningur margborgar sig, ekki bara þegar kemur að kostnaðaráætlun eða áhugaverðu innihaldi, heldur einnig þegar kemur að því að tryggja aðgengi þátttakenda að viðburðum.

## Gátlisti við skipulagningu viðburða

### Staðsetning og skipulag rýmis:

- Svið, púlt og skjáir sjást úr öllum sætum
- Aðgengi að sviði og á svið fyrir alla fyrirlesara
- Púlt stillanlegt og færanlegt
- Hljóðvist góð, hljóðnemar og hátalarar, auk tónmöska sem eru beintengdir í heyrnartæki
- Þráðlaus hljóðnemi fyrir fyrirspurnir úr sal og opnar umræður
- Lyfta milli hæða og gott og aðgengilegt rými þar í kring
- Handrið við stiga og engir þröskuldar
- Aðgengileg salerni fyrir alla
- Dyr séu a.m.k. 80 cm breiðar
- Sjálfvirkir hurðaopnarar við allar hurðir, líka útihurðir
- Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk við húsið
- Pláss fyrir táknmálstúlk og rittúlk sé þess óskað
- Pláss fyrir tungumálatúlka þar sem þeir trufla ekki aðra þátttakendur
- Aðgangur að rafmagni til að hlaða tölvur
- Lágmarka lykt af blómum, sápu eða öðrum ofnæmisvöldum
- Aðgangur að hvíldarstað utan fundarsalar á meðan viðburði stendur
- Góð loftræsting og hitastig
- Forðast sérlausnir

### Val á veitingum og umgjörð þeirra:

- Mæta óskum vegna mataræðis
- Innihaldslýsingar matar og drykkja séu aðgengilegar og skýrar
- Áhöld fari ekki á milli rétta og tryggja að matvæli blandist ekki
- Maturinn borinn fram í sama rými. Forðast sérlausnir, allir þátttakendur borði saman
- Standandi borðhald taki tillit til þeirra sem ekki geta borðað standandi
- Greiður aðgangur hjólastóla m.a. að borðum
- Nota fjölnota borðbúnað eða borðbúnað sem brotnar auðveldlega niður í náttúrunni



---

Samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði frá árinu 2019 ber öllum sem skrá kyn að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns, t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum. Þetta felur í sér að bjóða upp á aðra möguleika en karl og kona. Það mætti til dæmis nota kona, karl, kynsegin, annað og vil ekki svara.

---




#### **Skráning á viðburð:**

- Ef skrá á kyn þátttakenda þarf að gera ráð fyrir hlutlausri kynskráningu
- Þátttakendur geti sent inn óskir vegna veitinga
- Þátttakendur geti sent inn upplýsingar um bráðaofnæmi eða óþol
- Þátttakendur geti óskað eftir táknmáls-, rit- eða dauflindratúlki eða tungumálatúlki
- Þátttakendur geti beðið um tónmöskva
- Þátttakendur geti óskað eftir ákveðnu aðgengi eða annarri aðstoð
- Skipuleggjandinn þarf að vera tilbúinn til að uppfylla séróskir sem hann býður upp á í auglýsingu eða við skráningu

#### **Auglýsing viðburðar:**

- Upplýsingar um staðsetningu og leiðbeiningar innanhúss ef húsnæðið er stórt
- Dagsetning og tímasetningar á dagskrárliðum
- Þarf að skrá sig?
- Upplýsingar um séróskir séu tilgreindar í auglýsingum um viðburðinn
- Er hægt að senda inn óskir vegna sérþarfa?
- Hvernig hægt er að hafa samband við skipuleggjendur?
- Hvetja til að nota umhverfisvænan ferðamáta til og frá viðburðum
- Nefna hvar næsta strætóstoppistöð er eða að það sé hjólagrind fyrir utan
- Passa að auglýsingin sé auðlesin



---

**Aukið aðgengi þarf hvorki að vera flókið í útfærslu né kostnaðarsamt. Mörg smáforrit hafa reynst vel en gefa þarf sér tíma til að læra á þau og prófa.**


- Smáforritin gefa þátttakendum, líka þeim sem eru í streymi, möguleika á að senda inn spurningar. Það auðveldar líka þeim sem ekki geta tekið til máls að koma með spurningar
  - Einfaldar og ódýrar lausnir fyrir tungumálatúlka, þátttakendur geta notað eigin síma og heyrnartól. Svipaðar lausnir nýtast fólki með heyrnaskerðingu vel
-

---

Á að streyma viðburðinum? Það eru bæði kostir og gallar við að streyma viðburði. Gallarnir eru þeir að viðburðurinn verður ekki jafn einlægur þegar fólk sem tekur til máls veit að það eru fleiri að fylgjast með en það fólk sem er í salnum. Kostirnir eru þeir að fleira fólk getur tekið þátt í viðburðinum og hann verður aðgengilegri. Þegar viðburði er streymt er mikilvægt að tryggja hljóðgæði útsendingarinnar og velta því fyrir sér hvernig fólk sem fylgist með streyminu geti tekið þátt í umræðum. Fjölbreytt úrval af tæknilausnum eru til þegar kemur að útsendingum og umræðum í gegnum netið.

**Samskipti við þá sem fram koma á viðburðinum:**

- Upplýsa um stað, tíma og dagskrá, hvenær viðkomandi er á dagskrá og hve lengi
- Upplýsa um aðgengi að sviði og/eða púlti
- Upplýsa um tæki sem eru til staðar
- Þjófða aðstoð og tryggja að allir hafi tengilið á viðburðinum
- Óska eftir að letur á glærum sé a.m.k. 24 punktar og skýr munur sé á lit leturs og bakgrunns



## Að undirbúa fundarstjóra

Gott er að funda með fundarstjóra fyrir viðburð til að fara yfir hlutverk hans. Ákveða hvernig, hvenær, og hversu lengi umræður standa til að sem flest sjónarmið heyrir. Fundarstjóri gegnir lykilhlutverki, hann á að tryggja frjóar umræður þar sem allir þátttakendur fá tækifæri til að tjá sig.

**Góð ráð til fundarstjóra:**

- Kynna dagskrá í upphafi viðburðar
- Kynna hvað er í boði í kaffi- og matarhléum, tilgreina þær sér óskir sem fram hafa komið
- Tímastjórnun
- Koma sem flestum að í umræðum
- Tryggja að umræður fari fram af virðingu og grípa inn í ef þess þarf

**Góð ráð til fyrirlesara:**

- Tímastjórnun, ekki tala lengur en þér er ætlað
- Glærur, letrið sé a.m.k. 24 punkta og skýr munur á lit leturs og bakgrunns
- Láttu skipuleggjendur vita sem fyrst ef þú hefur einhverjar sér óskir um aðbúnað
- Hlustaðu á innlegg annarra og tengdu inn í eigið innlegg



### Góð ráð til fólks sem tekur þátt í pallborðsumræðum:

- Hlusta vel á það sem á það sem þér er falið að bregðast við og þá sem taka þátt í umræðum með þér
- Vera stuttur
- Vísa í það sem aðrir hafa sagt
- Spyrja spurninga, það gerir samtalið eðlilegra og áhugaverðara

### Mælendaskrá:

Oft liggur fólki mikið á hjarta og því þarf að halda vel utan um mælendaskrána. Þetta gæti átt við á fundum stjórnar félagasamtaka og formlegri samkomum. Venjan er að fólk fái orðið í þeirri röð sem það skráir sig á mælendaskrá. Það eru einnig til fleiri leiðir til að tryggja betur lýðræðislega þátttöku.

- **Taka til máls í fyrsta skipti:** Einstaklingur sem ekki hefur tekið til máls undir þessum dagskrárlið fær orðið á undan þeim sem biðja um orðið í annað sinn. Þannig komast fleiri að í umræðum.
- **Að koma nýjum röddum að:** Einstaklingur sem ekki hefur áður tekið þátt í viðburði á ykkar vegum fer efst á mælendaskrá óski hann eftir því að taka til máls. Þannig er nýtt fólk hvatt til þátttöku.
- **Koma minnihlutunum að:** Á sumum viðburðum er ákveðinn hópur í minnihluta meðal þátttakenda. Ein leið til að lyfta upp minnihlutahópnum er að vera með tvær eða fleiri mælendaskrár. Þá er notast við fléttulista þannig að sá sem er efstur á hverjum lista fær orðið og svo koll af kolli.

Þegar tekin er upp mælendaskrá kynnir fundarstjóri hvernig fólk kemst á hana og hvernig það fær orðið. Fólk sem er fyrir fram upplýst um fyrirkomulagið er jákvæðara og ánægðara þegar vikið er frá hefðinni.



**HEIMSMARKMIÐIN**  
Markmið Sameinuðu þjóðanna  
um sjálfbæra þróun

**5 JAFNRÉTTI  
KYNJANNA**



**10 AUKINN  
JÖFNUÐUR**



**11 SJÁLFBÆRAR BORGIR  
OG SAMFÉLÖG**

